

## NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS

### Drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026 – 2029

Nr. S-157/2025 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

Alls bárust 25 umsagnir frá 24 aðilum um drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks í samráðsgátt stjórnvalda á tímabilinu frá 2.-22. september 2025. Umsagnir frá Mannréttindastofnun Íslands og Rauða krossi Íslands (RKÍ) bárust eftir að umsagnarfrestur rann út.

Samtökin 78, Trans Ísland og Intersex Ísland fagna drögum að aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks í ítarlegum umsögnum um almenna þætti og einstaka aðgerðir innan aðgerðaáætlunarinnar. Gagnrýnt er að fjármagn til framkvæmdasjóðs aðgerðaáætlunarinnar hafi ekki hækkað frá gildandi aðgerðaáætlun í samræmi við verðlagsbreytingu og fjölgun aðgerða.

Samtökin 78 leggja til að nokkrum aðgerðum í gildandi aðgerðaáætlun verði fylgt eftir í nýrri áætlun, t.a.m. rannsóknum á líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni, fatlaðs fólks og aldraðra. Samtökin og Trans Ísland telja að fylgja eigi eftir aðgerð um aðgengi trans fólks og fólks með kynhlutlausu skráningu að salernum, snyrtingum og búningsaðstöðu í almenningsrymum í nýrri aðgerðaáætlun. Lagt er til að framhaldsaðgerðin feli í sér breytingu á reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 um aðgengi að salernum.

Öll þrjú samtökin gagnrýna að áætlunin feli ekki í sér skipun starfshóps samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um kynrænt sjálfræði um endurskoðun 11. gr. laganna um breytingar á kyneinkennum intersex barna. Trans Ísland fagnar skýrari viðmiðum um þjónustu teymis Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL) um kynvitund og teymis LSH um kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu. Bent er á að ákveðnir þættir í kynstaðfestandi ferli séu ekki niðurgreiddir af hálfu hins opinbera. Því er fagnað að skoðaður verði fýsileiki þess að Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) niðurgreiði varðveislu kynfruma.

Intersex Ísland lýsir yfir ánægju sinni með áform um bættu þjónustu við intersex börn og forsjáraðila þeirra í drögum að aðgerðaáætlun. Lagt er til að greint verði hvort hægt sé að fella niður kostnaðarhlutdeild intersex fólks vegna inngripa í tengslum við kyneinkenni í þeim tilvikum þegar inngripin er ólögleg samkvæmt gildandi lögum. Þar með telja samtökin að stigið sé lítið skref í átt að fjárhagslegri sanngirni fyrir þolendur.

Samtökin 78 óska eftir að drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fái þinglega meðferð. Þau telja brýnt að Alþingi fjalli um innihald aðgerðanna og lýsa þeirri skoðun sinni að þingsályktun um aðgerðaáætlunina stuðli að markvissum og áhrifaríkum aðgerðum. Jafnframt kemur fram að vítt samráð við hagsmunasamtök við framkvæmd aðgerða feli í sér betri nýtingu takmarkaðra fjármuna. Vísað er til ítarlegrar umsagnar hagsmunasamtakanna hvað varðar ábendingar við einstakar aðgerðir.

LGB Samtökin (áður Samtökin 22) lýsa yfir andstöðu við aðgerðaáætlunina. Þau rökstyðja afstöðu sína m.a. með því að hinsegin fræði sé ekki byggð á óumdeildum vísindum, baráttan gegn hatursorðræðu hamli tjáningarfrelsi, rangt sé að tala um að börn séu hinsegin og ekki sé í raun hægt að skipta um kyn. Í niðurlagi umsagnarinnar segir að í lýðræðisþjóðfélagi eigi stefnumótun að byggja á gagnreyndum gögnum, virðingu fyrir fjölbreyttum skoðunum og vernd stjórnarskrárvarinna réttinda – ekki þröngri hugmyndafræði sem dragi dóm af tískusveiflum.

Barnaheill, Stígamót, ÖBÍ réttindasamtök og Landssamtökin Þroskahjálp fagna öll drögum að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks. Barnaheill telja mikilvægt að drögin fái þinglega meðferð, að nægilegt fjármagn verði tryggt til framkvæmdar aðgerða innan aðgerðaáætlunarinnar og skipaður verði starfshópur um endurskoðun 11. gr. laga um kynrænt sjálfræði. Meðal ábendinga um einstaka aðgerðir má nefna að vitundarvakning meðal ungs fólks um hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki verði þróuð í nánu samstarfi við samtök hinsegin fólks og ungmennahreyfingu þeirra.

Eins og umsögn Barnaheilla felur umsögn Stígamóta í sér ábendingar um drög að tilteknum aðgerðum innan áætlunarinnar. Sem dæmi er hægt að nefna að bent er á að tryggja þurfi stuðning við börn með kynama óháð því hvort þau njóti stuðnings forsjáraðila eða ekki. Önnur ábending felur í sér að leitað verði eftir samstarfi við kynjafræðiskor HÍ við uppbyggingu rannsóknarseturs í hinseginfræðum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að bregðast við áreitni, ofbeldi og fordómum í garð hinsegin fólks með forvörnum og fræðslu.

ÖBÍ réttindasamtök gagnrýna að engin aðgerð í drögum að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks snúi að fjölbreyttum áskorunum fatlaðs fólks þrátt fyrir ábendingar ÖBÍ þessa efnis. Lagt er til að bætt verði úr því með aðgerð um bætt aðgengi hinsegin fatlaðs fólks að hinsegin samfélaginu og vitundarvakningu um margþætta mismunun. Landssamtökin Þroskahjálp brýna fyrir stjórnvöldum að tryggja að tekið sé nægilegt tillit til aðstæðna, þarfa og réttinda hinsegin fatlaðs fólks samkvæmt með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga.

ASÍ, BSRB, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Kennarasamband Íslands (KÍ) fagna öll drögum að nýrri aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks. ASÍ tekur fram að aðgerðaáætlunina sé brýn í ljósi bakslags og aukinnar hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki. Tryggja þurfi nauðsynlegt fjármagn og eftirlit með framkvæmd aðgerða til að áætlunin stuðli að raunverulegum umbótum í lífi hinsegin fólks á Íslandi.

BSRB fagnar því að aðgerðaáætlunin feli í sér faglegri ferli í þjónustu við hinsegin fólk, bætt réttindi, aukna fræðslu og rannsóknir um málefni hinsegin fólks, t.a.m. sé lítil þekking fyrir hendi á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði. Stjórnvöld eru hvött til að auka til muna fjármagn til aðgerðaáætlunarinnar til að tryggja framkvæmd aðgerða. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur m.a. mikilvægt að þekking á ódæmigerðum kyneinkennum og kynstaðfestandi ferli sé tryggð á landsbyggðinni, svo sem á fjórðungssjúkrahúsum og/eða heilsugæslu. Nauðsynlegt sé að fólk geti sótt stuðning og ráðgjöf í heimabyggð þó sérhæfð þjónusta og sérþekking sé á Landspítala.

KÍ lýsir yfir ánægju sinni með drög að nýrri aðgerðaáætlun, einkum fimm aðgerðir í þágu nemenda í grunnskólum, m.a. um hinsegin sýnileika í námsefni og stuðning við nemendur í tengslum við hinseginleika. Athygli er vakin á áhyggjum félagsfólks af vaxandi hatursorðræðu og hinseginandúð í skólum bæði meðal nemenda og forsjáraðila. Fram kemur að dæmi séu um að forsjáraðilar amist við námsefnisvali og kennsluháttum og vegi um leið að starfsheiðri og fagmennsku kennara.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur aðgerðaáætlunina til þess fallna að auka jafnrétti, inngildingu og mannréttindi í íslensku samfélagi. Aðgerðirnar séu metnaðarfullar og nái yfir fjölbreytt svið samfélagsins. Bent er á að eðlilegt sé að leita samstarfs við sveitarfélögin í tengslum við nokkrar aðgerðir og huga þurfi að samhæfingu við farsældarlög um stuðningsáætlanir fyrir börn í skólum. Sambandið lýsir sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld og aðra hagaðila við innleiðingu og framkvæmd aðgerða hvað varða sveitarfélögin.

Drenglyndi (hópur foreldra og kennara á Akureyri) leggjast gegn drögum að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks í umsögn sinni. Flestar umsagnir einstaklinga um drög að aðgerðaáætlun um málefni hinsegin fólks eru á sama veg. Eldur Smári Kristinsson telur drög að aðgerðaáætlun stangast á við nokkrar af meginreglur íslensks réttarfars svo sem lögmætisregluna, hæfisregluna, jafnræðisregluna, meðalhófsregluna, tjáningarfrelsi og verndarreglu barnaréttar. Hann krefst þess að drögin verði afturkölluð og sæti gagngerri endurskoðun. Með sama hætti leggur Guðmundur Pálsson til að áætlunin verði dregin til baka og endurskoðuð með áherslu á hlutleysi, jafnræði og faglegar stoðir.

Linda Sólveigar Guðmundsdóttir fagnar áformum um rannsóknarsetur í hinsegin fræðum og leggur áhersla á mikilvægi tölfræði um umsækjendur um alþjóðlega vernd – bæði einstaklinga og kvótaflóttafólks.

Mannréttindastofnun fagnar drögum, telur þau vel unnin og aðgerðirnar til þess fallnar að bæta stöðu hinsegin fólks. Stofnunin hvetur til þess að auknum fjármunum verði varið til einstakra þátta á borð við vitundarvakningar og fræðslu. Bent er á nauðsyn þess að litið sé til fatlaðs fólks í áætluninni og stjórnvöld setji sér stefnu og aðgerðaáætlun um hatursorðræðu. Fagnað er áformum um aukið eftirlit með innleiðingu laga kynrænt sjálfræði, skýrari viðmiðum Landspítala í heilbrigðisþjónustu, stuðningi við börn með ódæmigerð kyneinkenni og umbótum í móttöku hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd.

RKÍ leggur, líkt og Mannréttindastofnun, áherslu á mikilvægi umbóta í móttöku hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd. Bent er á að tryggja þurfi að umsækjendur um alþjóðlega vernd upplifi sig örugga allan dvalartíma sinn á Íslandi óháð því hvort umsókn þeirra er samþykkt eða hafnað. Með sama hætti er vakin athygli á því að fræðsla um hinseginleika þurfi að ná til alls starfsfólks í þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, þ.á m. löglærða talsmenn umsækjenda. RKÍ telur að leggja hefði átt meiri áherslu á geðheilbrigði og þjálfun í sálfélagslegum stuðningi við hópa á borð við hinsegin ungmenni og hinsegin umsækjendur um vernd í áætluninni.

Farið er yfir innsendar umsagnir í ráðuneytinu í framhaldi af samráðsferli í samráðsgátt stjórnvalda.